



23. ágúst 2023

Tilv.: 2308088

Númer: 41/2023

Dreifibréf til verðbréfamistöðva

Efni: Viðmiðunarreglur ESMA um verkferil vegna útreiknings og mats á uppgjörsgjaldmiðlum sem mestu máli skipta skv. b-lið 1. mgr. 12. gr. CSDR.

Evrópska verðbréfaeftirlitsstofnunin (ESMA) hefur gefið út viðmiðunarreglur (e. guidelines) (ESMA70-708036281-66) um verkferil vegna útreiknings og mats á uppgjörsgjaldmiðlum sem mestu máli skipta samkvæmt b-lið 1. mgr. 12. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 909/2014 um bætt verðbréfauppgjör í Evrópusambandinu og um verðbréfamistöðvar (CSDR). Reglurnar tengjast framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2017/392 um viðbætur við CSDR. CSDR var innleidd í íslensk lög með lögum nr. 7/2020 um verðbréfamistöðvar, uppgjör og rafræna eignaskráningu fjármálagerna. Framselda reglugerðin var tekin upp á Íslandi með reglum Seðlabanka Íslands nr. 1591/2021 frá 22. desember 2021 um verðbréfauppgjör og verðbréfamistöðvar sem hafa síðar verið endurútgefnar sem reglur nr. 80/2023.

Í 12. gr. CSDR. er fjallað m.a. um mikilvægustu uppgjörsgjaldmiðlana í uppgjöri verðbréfamistöðva. Áður en mat á því hvaða gjaldmiðlar teljast til mikilvægustu uppgjörsgjaldmiðlanna fer fram þarf að safna upplýsingum um allt uppgjör á EES svæðinu og er viðmiðunarreglunum ætlað að leiðbeina verðbréfamistöðvum við það að taka saman og skila árlega réttum upplýsingum samkvæmt reglunum til lögbærra yfirvalda.

Samkvæmt 3. mgr. 16. gr. ESAs reglugerðanna, sem innleiddar voru með lögum nr. 24/2017 um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði, eiga lögbær yfirvöld og viðkomandi eftirlitskyldir aðilar að leita allra leiða til að fara að viðmiðunarreglum eftirlitsstofnananna og almennum tilmælum.

Bréf þetta verður birt á heimasíðu Seðlabankans ásamt slóð á enska útgáfu viðmiðunarreglnanna. Fjármálaeftirlitið mun jafnframt styðjast við viðmiðunarreglurnar við eftirlitsframkvæmd.

Fjármálaeftirlitið beinir því til verðbréfamistöðva að kynna sér umræddar viðmiðunarreglur ESMA og taka mið af þeim í starfsemi sinni eftir því sem við á.

Virðingarfyllst,
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Linda Kolbrún Björgvinsdóttir
frankvæmdastjóri
háttsemiseftirlit

Hörður Tulinius
sérfræðingur í markaðsgreiningu
háttsemiseftirlit

